

**TILSKIPUN EVRÓPUPINGSINS OG RÁÐSINS 94/9/EB****frá 23. mars 1994****um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum**

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. b í stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Það er skylda aðildarríkjanna að vernda á eigin yfirráðasvæði öryggi og heilsu manna og, eftir því sem við á, húsdýra og öryggi eigna og einkum launþega gagnvart þeirri hættu sem getur hlotist af notkun búnaðar og kerfa sem veita vernd á sprengihættustöðum.

Með lögboðnum ákvæðum aðildarríkjanna er ákveðið hvaða öryggisstigi skuli ná með öryggisbúnaði og -kerfum sem á að nota á sprengihættustöðum. Hér er að jafnaði um að ræða forskriftir sem eru ýmist rafmagnsforskriftir eða ekki er hafa áhrif á hönnun og gerð búnaðar sem má nota á sprengihættustöðum.

Kröfur sem slíkur búnaður þarf að mæta eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars, svo sem hversu víðtækar þær eru og hvað skoðunaraðferðir varðar. Þessi mismunur gæti skapað hömlur á viðskipti innan bandalagsins.

Eina færa leiðin til að afnema þessar viðskiptahömlur er fólgin í því að samhæfa innlenda löggjöf. Hvert aðildarríki um sig getur ekki náð þessu markmiði með fullnægjandi hætti. Í þessari tilskipun er einkum mælt fyrir um kröfur

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 46, 20. 2. 1992, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 106, 27. 4. 1992, bls. 9.

sem hafa úrslitaáhrif á frjálsan flutning búnaðar sem hún gildir um.

Reglugerðir sem eiga að afnema tæknilegar viðskiptahindránir verða að fylgja nýju aðferðinni sem kveðið er á um í ályktun ráðsins frá 7. maí 1985 <sup>(3)</sup> þar sem krafist er skilgreiningar á grunnkröfum sem varða öryggi og öðrum kröfum samfélagsins án þess að dregið sé úr réttmætum kröfum um verndun sem eru fyrir hendi í aðildarríkjunum. Með þeirri ályktun er kveðið á um að fjölmargar framleiðsluvörur falli undir eina tilskipun til að komist verði hjá tíðum breytingum og uppsöfnun tilskipana.

Með gildandi tilskipunum um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafmagnsbúnað til notkunar á sprengihættustöðum hafa verið stigin jákvæð skref til verndar gegn sprengingum með ráðstöfunum sem hafa með gerð viðkomandi búnaðar að gera og hafa stuðlað að afnámi viðskiptahindrana á þessu sviði. Með hliðsjón af þessu er nauðsynlegt að endurskoða og færa út gildissvið þeirra tilskipana sem eru fyrir hendi þar sem, nánar til tekið, verður út frá almennu sjónarmiði að grípa til aðgerða til verndar gegn hugsanlegri hættu sem getur stafað af slíkum búnaði. Þetta felur einkum í sér að íhuga verður þegar á hönnunar- og framleiðslustigum ráðstafanir sem eiga að tryggja örugga vernd fyrir notendur og þriðju aðila.

Með tilliti til eðlis hættunnar eru verndarráðstafanirnar og prófunaraðferðirnar oft mjög líkar, ef ekki þær sömu, bæði vegna vinnu ofan- og neðanjarðar. Af þeim sökum er lífsnauðsynlegt að láta eina tilskipun gilda um öryggisbúnað og -kerfi sem falla undir báðar tegundirnar.

Þær tvær gerðir búnaðar sem um getur að framan eru notaðar í ríki mæli á sviði verslunar og iðnaðar og hafa mikilvægt efnahagslegt gildi.

Afar mikilvægt er að farið sé að grunnkröfum um öryggi og heilbrigði til að tryggja örugga notkun öryggisbúnaðar og

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 136, 4. 6. 1985, bls. 1.

-kerfa. Kröfumum hefur verið skipt frekar niður í almennar og viðbótarkröfum sem öryggisbúnaður og -kerfi verða að fullnægja. Viðbótarkröfumum er einkum ætlað að taka mið af hættu sem er fyrir hendi eða gæti komið til. Öryggisbúnaður og -kerfi verða því að uppfylla minnst eina af þessum kröfum þegar það er nauðsynlegt til að þau komi að haldi eða starfi í samræmi við fyrirhugaða notkun. Hugtakið fyrirhuguð notkun er afar mikilvægt vegna sprengiprófunar öryggisbúnaðar og -kerfa. Frumskilyrði er að framleiðendur veiti fullnægjandi upplýsingar. Einnig er nauðsynlegt að umræddur búnaður sé greinilega merktur og fram komi hvernig eigi að nota hann á sprengihættustöðum.

Markmiðið er að semja tilskipun um aðferðir á sprengihættustöðum sem grundvallast á 118. gr. a. Þeirri viðbótartilskipun er einkum ætlað að fjalla um sprengihættu sem stafar af ákveðinni notkun og/eða gerðum og aðferðum við uppsetningu.

Fara verður að grunnkröfum um öryggi og heilsuvernd eigi að tryggja að búnaðurinn verði öruggur í notkun. Leggja verður mat á framkvæmd þessara grunnkröfna svo að bæði verði tekið mið af þeirri tækni sem er notuð við framleiðsluna og tæknilegum og efnahagslegum skilyrðum.

Þessi tilskipun fjallar því eingöngu um grunnkröfur. Til að auðveldara sé að færa sönnur á samræmi við þessar grunnkröfur er nauðsynlegt að til séu samhafðir evrópskir staðlar, einkum að því er varðar þá þætti við sprengivarnir sem eru ekki rafmagnsfræðilegir — svo sem staðla í tengslum við hönnun, framleiðslu og prófun búnaðar, svo að vara sem er í samræmi við þá geti talist uppfylla slíkar grunnkröfur. Þessir samhafðu evrópsku staðlar eru settir af einkaaðilum og verða því að halda áfram að vera ólögboðnir. Í þessu skyni eru Staðlasamtök Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) viðurkennd sem þar til bærir aðilar til að samþykkja samhafða staðla í samræmi við almennu viðmiðunarreglurnar um samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og þessara tveggja aðila, sem voru undirritaðar þann 13. nóvember 1984. Í þessari tilskipun merkir samhafður staðall tækniforskrift (Evrópustaðall eða samhafingarskjal) sem er samþykkt af öðrum eða báðum þessum aðilum eins og framkvæmdastjórnin mælir fyrir um á grundvelli ákvæða tilskipunar ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983, sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða <sup>(1)</sup>, og samkvæmt áður nefndum almennum viðmiðunarreglum.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/182/EBE (Stjútíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Bæta þarf lagarammann til að tryggja að vinnuveitendur og launþegar leggi sitt af mörkum við stöðlunarferlið. Þeirri vinnu skal lokið þegar þessi tilskipun kemur til framkvæmda.

Með tilliti til eðlis þeirrar hættu sem felst í notkun búnaðar á sprengihættustöðum er nauðsynlegt að kveða á um aðferðir sem hægt er að nota þegar meta á hvort farið er að grunnkröfum tilskipunarinnar. Þessar aðferðir skal semja með hliðsjón af því hve mikil hætta getur stafað af búnaðinum og/eða af því hvaða kerfi verða að vera fyrir hendi til að vernda nánasta umhverfi. Af þeim sökum verður að bæta hvern samræmisflokk búnaðar með viðeigandi aðferð eða vali á milli mismunandi sambærilegra aðferða. Aðferðirnar sem verða ákveðnar verða að vera í fullu samræmi við ákvörðun ráðsins 93/465/EBE frá 22. júlí 1993 um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismarkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhafingu <sup>(2)</sup>.

Ráðið hefur kveðið á um að annaðhvort framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans í bandalaginu skuli sjá um CE-merkinguna. Sú merking gefur til kynna að varan fullnægi öllum grunnkröfum og matsaðferðum sem kveðið er á um í lögum bandalagsins sem gilda um vöruna.

Við hæfi er að aðildarríkin geti, eina og kveðið er á um í 100. gr. a í sáttmálanum, gert bráðabirgðaráðstafanir til að takmarka eða banna markaðssetningu og notkun búnaðar og öryggiskerfa þegar þau stofna öryggi fólks og, eftir atvikum, húsdýra eða eigna í hættu, að því tilskildu að ráðstafanirnar falli undir eftirlitsráðstafanir bandalagsins.

Upplýsa skal þá sem ákvarðanir teknar í tengslum við þessa tilskipun snerta um rök er standa að baki og hvaða úrræði þeim standa til boða.

Hinn 18. desember 1985 samþykkti ráðið rammatilskipun um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum (76/117/EBE) <sup>(3)</sup> og hinn 15. febrúar 1982 tilskipun varðandi rafföng til notkunar á sprengihættustöðum í námum þar sem eldfimt gas getur myndast (82/130/EBE) <sup>(4)</sup>. Þegar við upphaf samhafingarvinnunnar var íhugað að fara yfir í algjöra samhafingu í stað samhafingar að vild og að hluta sem þessar tilskipanir grundvallast á. Þessi tilskipun nær

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. L 220, 30. 8. 1993, bls. 23.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB nr. L 24, 31. 1. 1976, bls. 45. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/487/EBE (Stjútíð. EB nr. L 270, 2. 10. 1990, bls. 23).

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB nr. L 59, 2. 3. 1982, bls. 10.

að öllu leyti yfir gildissvið framangreindra tilskipana og af þeim sökum skal fella þær niður.

Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir.

Nauðsynlegt er að kveða á um bráðabirgðafyrirkomulag svo að unnt sé að markaðssetja og taka í notkun búnað sem er framleiddur í samræmi við innlendar reglugerðir sem eru í gildi þegar þessi tilskipun er samþykkt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. KAFLI

### Gildissvið, markaðssetning og frelsi til flutninga

#### 1. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum.

2. Öryggis-, eftirlits- og stjórnþæki sem eru ætluð til notkunar utan við sprengihættustaði en sem eru nauðsynleg eða stuðla að því að búnaðurinn og öryggiskerfin virki rétt hvað varðar sprengihættu falla einnig undir gildissvið þessarar tilskipunar.

3. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

*Búnaður og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum*

- a) „Búnaður“: vélar, tæki, fastur eða hreyfanlegur búnaður, stýribúnaður og tæki tengd honum, greiningar- eða varnarkerfi sem, hvert um sig eða sameiginlega, eiga að framleiða, flytja, geyma, mæla, stýra og umbreyta orku við efnavinnslu og geta valdið sprengingu með eigin kveikjugjöfum.
- b) „Öryggiskerfi“: útbúnaður sem er ætlað að stöðva þegar í stað sprengingu sem er að hefjast og/eða takmarka það svæði sem logar eða þrýstingur frá sprengingu verka á. Öryggiskerfi geta verið hluti af öðrum búnaði eða verið sett á markað sem sjálfstæð kerfi.
- c) „Íhluti“: hver sá hluti sem er nauðsynlegur til að búnaðurinn og öryggiskerfið verki örugglega en hafa ekki sjálfstætt hlutverk.

### Sprengifimt loft

Blöndun lofts í andrúmslofti við eldfim efni í formi gastegunda, gufu, misturs eða ryks þar sem eldurinn breiðist út í alla blönduna sem óbrunnin er eftir að kviknað hefur í.

### Sprengihættustaður

Andrúmsloft sem gæti orðið sprengifimt vegna aðstæðna eða rekstrarskilyrða.

### Flokkar og undirflokkar búnaðar

Búnaðarflokkur I gildir um búnað sem er ætlaður til notkunar neðanjarðar í námum og um þá hluta af búnaði þeirra ofanjarðar þar sem hætta getur verið búin vegna eldfims gass og/eða eldfims ryks.

Búnaðarflokkur II gildir um búnað sem er ætlaður til notkunar á öðrum stöðum þar sem hætta er á sprengifimu lofti.

Undirflokkum búnaðar með skilgreiningum á kröfum um verndarstig er lýst í I. viðauka.

Hægt er að hanna búnað og öryggiskerfi fyrir tiltekinn sprengistað. Í því tilviki verða þau að vera sérstaklega merkt.

### Fyrirhuguð not

Notkun búnaðar, öryggiskerfa og tækja sem um getur í 2. mgr. 1. gr. í samræmi við búnaðarflokk og -undirflokk og við allar upplýsingar sem framleiðandi veitir og eru nauðsynlegar til að búnaðurinn, öryggiskerfin og tækin starfi örugglega.

4. Eftirfarandi fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar:

- lækningatæki sem á að nota við læknisfræðilegar aðstæður,
- búnaður og öryggiskerfi þar sem sprengihættan stafar einvörðungu af tilvist sprengiefna eða óstöðugra kemískra efna,
- búnaður sem er ætlaður til notkunar á heimilum og annars staðar þar sem ekki er um viðskiptaumhverfi að ræða þar sem lítil sprengihætta er fyrir hendi, og einungis vegna gas- eða olíuleka af slysi,
- persónuhlífar sem falla undir tilskipun 89/686/EBE <sup>(1)</sup>,
- hafskip og hreyfanlegar haffærar einingar ásamt búnaði um borð í slíkum skipum eða einingum,

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 399, 30. 12. 1989, bls. 18.

— flutningatæki, þ.e. ökutæki og eftirvagnar þeirra sem eru einungis ætlaðir til flutninga á farþegum í lofti eða á vegum, eftir járnbrautum eða vatnaleiðum og flutningatæki að svo miklu leyti sem þau eru hönnuð fyrir flutninga á vörum í lofti eða á vegum, eftir járnbrautum eða vatnaleiðum. Ökutæki sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum eru ekki undanskilin,

— búnaðurinn sem fellur undir b-lið 1. mgr. 223. gr. sáttmálans.

### 2. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að því aðeins verði heimilt að markaðssetja og taka í notkun búnað, öryggiskerfi og tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr. og þessi tilskipun gildir um að heilsu og öryggi manna og, eftir því sem við á, húsdýra eða öryggi eigna stafi ekki hættu af þeim þegar þau eru sett upp á réttan hátt og haldið við sem skyldi og notuð í ráðgerðum tilgangi.

2. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna til að setja fram, innan marka ákvæða sáttmálans, allar kröfur sem þau telja nauðsynlegar til að menn og einkum launþegar séu varðir þegar þeir nota umræddan búnað, öryggiskerfi og tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr., að því tilskildu að það hafi ekki í för með sér að slíkum búnaði, öryggiskerfum og tækjum verði breytt á nokkurn hátt sem ekki er tilgreindur í þessari tilskipun.

3. Aðildarríkjum er óheimilt að koma í veg fyrir sýningu á kaupstefnum, vörusýningum, kynningum o.s.frv. á búnaði, öryggiskerfum eða tækjum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. og eru ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, svo fremi það sé tekið skýrt fram á áberandi skilti að búnaðurinn, öryggiskerfin og tækin sem um getur í 2. mgr. 1. gr. séu ekki í samræmi og séu ekki til sölu fyrr en framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu hefur fært þau til samræmis við ákvæðin. Skytt er að gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi fólks á meðan á sýningu stendur.

### 3. gr.

Búnaður, öryggiskerfi og tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr. og þessi tilskipun gildir um skulu fullnægja grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi sem um þau gilda og eru tilgreindar í II. viðauka, að teknu tilliti til fyrirhugaðra nota.

### 4. gr.

1. Aðildarríkin mega hvorki banna, takmarka né hindra markaðssetningu búnaðar, öryggiskerfa eða tækja sem um

getur í 2. mgr. 1. gr. sem fullnægja ákvæðum þessarar tilskipunar eða að þau verði tekin í notkun í yfirráðasvæði þeirra.

2. Aðildarríki mega hvorki banna, takmarka né hindra markaðssetningu íhluta sem samræmisvottorðið sem um getur í 3. mgr. 8. gr. fylgir og á að setja í búnaðinn eða öryggiskerfin sem þessi tilskipun gildir um.

### 5. gr.

1. Aðildarríkin skulu líta svo á að eftirtalið uppfylli öll ákvæði þessarar tilskipunar, að samræmisáðferðunum sem mælt er fyrir um í II. kafla meðtöldum:

— búnaður, öryggiskerfi og tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr. er EB-samræmisfyrirlysingin sem um getur í X. viðauka fylgir og eru með CE-merkinguna sem kveðið er á um í 10. gr.,

— íhlutarnir sem um getur í 2. mgr. 4. gr. sem samræmisvottorðið sem um getur í 3. mgr. 8. gr. fylgir.

Þegar samhæfða staðla skortir ber aðildarríkjunum að gera allar ráðstafanir sem þau telja nauðsynlegar til að vekja athygli hlutaðeigandi aðila á þeim landsstöðlum og tækniforskriftum sem í gildi eru og teljast mikilvægar eða viðeigandi til að rétt sé staðið að framkvæmd grunnkröfnanna í II. viðauka um heilsuvernd og öryggi.

2. Þegar landsstaðall, sem er til framkvæmdar samhæfðum staðli er tilvísun í hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*, tekur til einnar eða fleiri af grunnkröfunum um öryggi og heilsuvernd skal gengið út frá því að búnaður, öryggiskerfi og tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr., eða íhlutarnir sem um getur 2. mgr. 4. gr., sem eru smíðuð í samræmi við þennan staðal uppfylli viðeigandi grunnkröfur um öryggi og heilsuvernd.

Aðildarríkin skulu birta tilvísanir í landsstaðla sem eru til framkvæmdar samhæfðum stöðlum.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að gera aðilum vinnumarkaðarins kleift að hafa áhrif á samningu og eftirlit með samhæfðum stöðlum í löndum sínum.

### 6. gr.

1. Telji aðildarríki eða framkvæmdastjórnin að samhæfðu staðlarnir sem um getur í 2. mgr. 5. gr. fullnægi ekki

að öllu leyti viðeigandi grunnkröfum um öryggi og heilsuvernd sem um getur í 3. gr. skal framkvæmdastjórnin eða aðildarríkið sem í hlut á leggja málið fyrir nefndina sem var stofnuð samkvæmt tilskipun 83/189/EBE, hér á eftir kölluð „nefndin“, og færa fram rök máli sínu til stuðnings. Nefndin skal skila álitni án tafar.

Að fengnu álitni nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkjunum hvort nauðsynlegt sé að fella viðkomandi staðla niður í birtingargögnunum sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

2. Framkvæmdastjórnin getur í samræmi við málsmeðferðina í 3. mgr. gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að eiginleg framkvæmd þessarar tilskipunar verði einsleit.

3. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndar skipaðri fulltrúum sem aðildarríkin tilnefna og er fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar formaður hennar.

Fastanefndin setur sér starfsreglur.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitni sínu á drögnum fyrir þau tímamörk sem formanninum er heimilt að setja eftir því hve málið er brýnt, með atkvæðagreiðslu ef þurfa þykir.

Greina skal frá álitni nefndarinnar í fundargerðinni. Auk þess hefur hvert aðildarríki rétt til að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin tekur ítrasta tillit til álits nefndarinnar. Hún tilkynnir nefndinni um hvernig tekið verði tillit til álits hennar.

4. Fastanefndin getur enn fremur kannað öll mál sem upp kunna að koma við beitingu þessarar tilskipunar og formaður leggur fyrir hana annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

7. gr.

1. Verði aðildarríki þess áskynja að búnaður, öryggiskerfi og tæki samkvæmt 2. mgr. 1. gr., sem eru með CE-samræmismarkingu og notuð eins og ætlast er til, geti stofnað öryggi einstaklinga, og eftir því sem við á, húsdýra eða eigna í hættu skal það gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að innkalla slíkan búnað eða öryggiskerfi, banna að þau verði sett á markað eða tekin í notkun eða takmarka frjálsa flutninga á þeim.

Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um allar slíkar ráðstafanir og geta ástæðna fyrir ákvörðun sinni, einkum hvort ósamræmið stafi af því að:

- grunnkröfurnar sem um getur í 3. gr. eru ekki uppfylltar;
- stöðlum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. hafi verið beitt á rangan hátt;
- annmarkar séu á sjálfum stöðlunum sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við hlutaðeigandi aðila eins fljótt og unnt er. Álitni framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði, að ráðstafanirnar séu réttmætar ber henni þegar í stað að tilkynna það því aðildarríki sem átti frumkvæðið og hinum aðildarríkjunum. Álitni framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði, að ráðstafanirnar séu ekki réttmætar ber henni þegar í stað að tilkynna það því aðildarríki sem átti frumkvæðið og framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu. Þegar ákvörðunin sem um getur í 1. mgr. er rökstudd með annmarka á stöðlunum og aðildarríkið sem tók ákvörðunina hvíkar ekki frá afstöðu sinni ber framkvæmdastjórninni að tilkynna það nefndinni þegar í stað svo að hún hefji málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 6. gr.

3. Ef búnaður eða öryggiskerfi sem fullnægir ekki settum ákvæðum er með CE-samræmismarkingu skal lögbært aðildarríki hefja viðeigandi aðgerðir gegn þeim sem setti merkinguna á og tilkynna það framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum.

4. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að aðildarríkin fái upplýsingar um framgang og lyktir þessa máls.

## II. KAFLI

### Aðferðir við samræmismat

8. gr.

1. Aðferðir við samræmismat búnaðar, að meðtöldum tækjunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. ef með þarf, skulu vera sem hér segir:

- Búnaðarflokkur I og II, búnaðarundirflokkur M I og I

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu verður, með það í huga að nota CE-merkinguna, að fylgja EB-gerðarprófunaraðferðinni (sem um getur í III. viðauka) í tengslum við:

- aðferð fyrir gæðatryggingu framleiðslu (sem um getur í IV. viðauka),  
eða
- aðferð fyrir sannprófun vöru (sem um getur í V. viðauka).

b) *Búnaðarflokkur I og II, búnaðarundirflokkur M 2 og 2*

- i) Með tilliti til brunahreyfla og rafbúnaðar úr þessum flokkum og undirflokkum skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, með það í huga að nota CE-merkinguna, fylgja EB-gerðarprófunaraðferðinni (sem um getur í III. viðauka) í tengslum við:

- aðferð fyrir gerðarsamræmi (sem um getur í VI. viðauka),  
eða
- aðferð fyrir gæðatryggingu vöru (sem um getur í VII. viðauka).

- ii) Með tilliti til annars búnaðar í þessum flokkum og undirflokkum verður framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, með það í huga að nota CE-merkinguna, að fylgja aðferð fyrir innra eftirlit með framleiðslu (sem um getur í VIII. viðauka)

og

senda tækniskjölin sem kveðið er á um í 3. lið VIII. viðauka áfram til tilkynnts aðila sem skal staðfesta móttöku þeirra eins fljótt og hægt er og hafa þau í vörslu sinni.

c) *Búnaðarflokkur II, búnaðarundirflokkur 3*

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu verður, með það í huga að nota CE-merkinguna, að fylgja aðferð fyrir innra eftirlit með framleiðslu (sem um getur í VIII. viðauka).

d) *Búnaðarflokkur I og II*

Til viðbótar við aðferðirnar sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. getur framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, með það í huga að nota CE-merkinguna, einnig fylgt aðferð fyrir EB-sannprófun eintaka (sem um getur í IX. viðauka).

2. Ákvæði a- eða d-liðar 1. mgr. skulu gilda um samræmismat á sjálfstæðum öryggiskerfum.

3. Aðferðirnar sem um getur í 1. mgr. skulu gilda um íhluta samkvæmt 2. mgr. 4. gr. nema hvað varðar notkun CE-merkingar. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal gefa út vottorð með yfirlýsingu um að íhlutarnir séu í samræmi við þau ákvæði þessarar tilskipunar sem gilda um þá og tilgreina einkenni þeirra og hvernig eigi að fella þá inn í búnaðinn eða ör-

ygiskerfin svo að unnt sé að uppfylla grunnkröfurnar sem gilda um fullbúinn búnaðinn eða öryggiskerfin.

4. Auk þess getur framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, með það í huga að nota CE-merkinguna, fylgt aðferð fyrir innra eftirlit með framleiðslu (sem um getur í VIII. viðauka) með hliðsjón af öryggisatriðum sem um getur í lið 1.2.7 í II. viðauka.

5. Þrátt fyrir ákvæði 1. til 4. mgr. geta lögbær yfirvöld heimilað, að fenginni tilhlýðilega rökstuddri beiðni, að séu sett á markað og tekin í notkun á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis búnaður, öryggiskerfi og einstök tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr. sem aðferðirnar sem um getur í 1. til 4. mgr. hafa ekki verið notaðar á ef þau eru notuð í öryggisskyni.

6. Skjöl og bréfavíðskipti viðvíkjandi þeim aðferðum sem um getur í 1. til 4. mgr. skulu vera á opinberu tungumáli þess aðildarríkis þar sem aðferðunum er beitt eða á tungumáli sem tilkynnti aðilinn samþykkir.

7. a) Ef búnaður og öryggiskerfi falla samtímis undir aðrar tilskipanir bandalagsins sem fjalla um aðra þætti og hafa einnig að geyma ákvæði um notkun CE-merkingarinnar sem um getur í 10. gr. skal í þeirri merkingu koma fram að gengið sé út frá því að búnaðurinn og öryggiskerfin séu í samræmi við ákvæði viðkomandi tilskipana.

- b) Gefi hins vegar ein eða fleiri þessara tilskipana framleiðanda kost á að velja, á aðlögunartímabili, það fyrirkomulag sem hann óskar að beitt verði táknað CE-merkið aðeins samræmi við ákvæði þeirra tilskipana sem framleiðandi beitir. Þegar svo háttar til verður að veita upplýsingar um einstök atriði þessara tilskipana, eins og þær hafa birst í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* í skjölum, auglýsingum eða leiðbeiningum sem krafist er í þessum tilskipunum og fylgja búnaðinum og öryggiskerfunum.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þá aðila sem þau hafa tilnefnt til að framkvæma aðferðirnar sem um getur í 8. gr., um þau sérstöku verkefni sem þessum aðilum hefur verið falið að framkvæma og kenninúmer sem framkvæmdastjórnin hefur áður úthlutað þeim.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir tilkynntu aðilana, kenninúmer þeirra og þau verkefni sem þeim hafa verið falin í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að skráin sé uppfærð.

2. Aðildarríkin skulu beita þeim viðmiðunum sem kveðið er á um í XI. viðauka við mat á þeim aðilum sem á að tilnefna. Gert skal ráð fyrir að þeir aðilar sem standast viðmiðanir viðeigandi samhæfðra staðla uppfylli þessar viðmiðanir.

3. Aðildarríki sem hefur samþykkt aðila skal draga tilkynninguna til baka telji það að aðilinn uppfylli ekki lengur viðmiðanirnar sem um getur í XI. viðauka. Það skal þegar í stað tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.

### III. KAFLI

#### CE-samræmismörking

##### 10. gr.

1. CE-samræmismörkingin felur í sér bókstafina „CE“. Fyrirmynd að merkinu sem á að nota er sýnd í X. viðauka. Á eftir CE-mörkingunni skal koma kenninúmer tilkynnta aðilans ef sá aðili tekur þátt í eftirliti á framleiðslustigi.

2. CE-mörkingin skal fest þannig að hún sjáist greinilega, sé læsileg og óafmáanleg af búnaðinum og öryggiskerfunum auk þess sem hún skal uppfylla ákvæði liðar 1.0.5 í II. viðauka.

3. Óheimilt er að setja mörkingar á búnaðinn og öryggiskerfin sem geta leitt þriðju aðila á villigötur hvað varðar innatak og eðli CE-mörkingarinnar. Setja má aðrar mörkingar á búnaðinn og öryggiskerfin, að því tilskildu að þær skyggi ekki á CE-mörkinguna eða hún verði minna læsileg.

##### 11. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 7. gr.:

- a) sýni aðildarríki fram á að CE-mörkingin hafi verið ranglega fest er framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu skylt að sjá til þess að varan uppfylli samræmiskröfur ákvæða varðandi CE-mörkingu og að binda enda á brotið samkvæmt skilyrðum sem aðildarríkið setur;
- b) haldi varan áfram að brjóta gegn samræmisákvæðunum skal aðildarríkið gera allar viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna markaðssetningu umræddrar vöru eða sjá til þess að hún verði tekin úr umferð í samræmi við málsmeðferðina í 7. gr.

### IV. KAFLI

#### Lokaákvæði

##### 12. gr.

Allar ákvarðanir sem eru teknar samkvæmt þessari tilskipun og takmarka eða banna markaðssetningu og/eða notkun véla eða fela í sér kröfu um að búnaður, öryggiskerfi eða tæki sem um getur í 2. mgr. 1. gr. sé tekið úr umferð skulu nákvæmlega rökstuddar. Tilkynna skal þeim aðila sem hlut á að máli um ákvörðunina hið fyrsta og skulu honum um leið kynnt þau lagaúrræði sem hann getur hagnýtt sér samkvæmt gildandi lögum í viðkomandi aðildarríki og sá frestur sem hann hefur til þess.

##### 13. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að allir þeir sem hafa með framkvæmd þessarar tilskipunar að gera séu bundnir af þagnarskyldu hvaða varðar allar upplýsingar sem þeim hlotnast við störf sín. Þetta hefur ekki áhrif á skyldur aðildarríkjanna og tilkynntu aðilanna að veita gagnkvæmar upplýsingar og aðvaranir.

##### 14. gr.

1. Tilskipanir 76/117/EBE, 79/196/EBE <sup>(1)</sup> og 82/130/EBE skulu felldar úr gildi frá og með 1. júlí 2003.

2. EB-vottorð um samræmi við samhæfða staðla sem eru gefnir út í samræmi við ákvæði tilskipananna sem um getur í 1. mgr. skulu gilda áfram allt til 30. júní 2003 nema þau falli úr gildi fyrir þann dag. Gildissvið þeirra verður áfram takmarkað við samhæfðu staðlana sem eru tilgreindir í framangreindum tilskipunum.

3. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tilkynntu aðilarnir sem annast samkvæmt 1. til 4. mgr. 8. gr. samræmismat rafbúnaðar, sem er markaðssettur fyrir 1. júlí 2003, taki mið af niðurstöðum prófana og sannprófana sem hafa þegar farið fram samkvæmt tilskipunum sem um getur í 1. mgr.

##### 15. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta lög og stjórn-sýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun

<sup>(1)</sup> Stjótíð. EB nr. L 43, 20. 2. 1979, bls. 20. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/487/EBE (Stjótíð. EB nr. L 270, 2. 10. 1990, bls. 23).

Þessari eigi síðar en 1. september 1995. Þau tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Aðildarríkin skulu beita þessum ráðstöfunum frá 1. mars 1996.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Þó skulu aðildarríkin heimila markaðssetningu búnaðar og öryggiskerfa sem eru í samræmi við gildandi innlendar reglugerðir og að þau séu tekin í notkun á yfirráðasvæði

þeirra frá þeim degi sem tilskipun þessi er samþykkt og fram til 30. júní 2003.

*16. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. mars 1994.

<i>Fyrir hönd,</i>	<i>Fyrir hönd ráðsins,</i>
<i>Evrópuþingsins,</i>	TH. PANGALOS
E. KLEPISCH	<i>forseti.</i>
<i>forseti.</i>	

## I. VIÐAUKI

## VIÐMIÐANIR FYRIR FLOKKUN BÚNAÐARFLOKKA Í UNDIRFLOKKA

## 1. Búnaðarflokkur I

- a) Undirflokkur M 1 tekur til búnaðar sem er hannaður og ef með þarf útbúinn með sérstakri viðbótavörn þannig að hann virki í samræmi við þær vinnufæribreytur sem framleiðandi tilgreinir og tryggi vörn á mjög háu stigi.

Búnaður í þessum undirflokki er ætlaður til notkunar neðanjarðar í námum og í mannvirkjum náma sem eru ofanjarðar þar sem eldfimt gas og/eða eldfimt ryk getur myndast.

Þær kröfur eru gerðar til búnaðar í þessum undirflokki að hann virki, jafnvel í undantekningartilvikum þar sem truflanir verða, er varða búnaðinn, í sprengifimu lofti auk þess sem hann skal útbúinn frekari vörnum þannig að:

- bregðist ein tegund öryggisvarna veiti minnst ein önnur óháð öryggisvörn sambærilega vernd, eða
- fullnægjandi vörn sé tryggð verði vart tvenns konar bilana sem eru óháðar hvor annarri.

Búnaður í þessum undirflokki verður að uppfylla viðbótarkröfurnar sem um getur í lið 2.0.1 í II. viðauka.

- b) Undirflokkur M 2 tekur til búnaðar sem er hannaður þannig að hann virki í samræmi við þær vinnufæribreytur sem framleiðandi tilgreinir og tryggi vörn á háu stigi.

Búnaður í þessu undirflokki er ætlaður til notkunar neðanjarðar í námum og í mannvirkjum náma sem eru ofanjarðar þar sem hætta er á að eldfimt gas og/eða eldfimt ryk geti myndast.

Hægt verður að vera að rjúfa aflgjöf til þessa búnaðar ef sprengihætta er á ferðum.

Varnir er tengjast búnaði í þessum undirflokki skulu tryggja fullnægjandi vernd við venjulega starfrækslu og einnig við meira krefjandi rekstrarskilyrði einkum þegar notkun fylgir mikið álag eða stöðugt breytilegar umhverfisaðstæður.

Búnaður í þessum undirflokki verður að uppfylla viðbótarkröfurnar sem um getur í lið 2.0.2 í II. viðauka.

## 2. Búnaðarflokkur II

- a) Undirflokkur 1 tekur til búnaðar sem er hannaður þannig að hann virki í samræmi við þær vinnufæribreytur sem framleiðandi tilgreinir og tryggi vörn á mjög háu stigi.

Búnaður í þessu undirflokki er ætlaður til notkunar á svæðum þar sem stöðugt er fyrir hendi, um lengri tíma eða iðulega, sprengifimt loft sem stafar af blöndun lofts og gastegunda, gufu eða mistri eða blöndun lofts og ryks.

Búnaður í þessum undirflokki verður að tryggja fullnægjandi vernd, jafnvel í undantekningartilvikum þar sem truflanir verða, er varða búnaðinn, og skal hann útbúinn frekari vörnum þannig að:

- bregðist ein tegund öryggisvarna veiti minnst ein önnur óháð öryggisvörn sambærilega vernd, eða
- fullnægjandi vörn sé tryggð verði vart tvenns konar bilana sem eru óháðar hvor annarri.

Búnaður í þessum undirflokki verður að uppfylla viðbótarkröfurnar sem um getur í lið 2.1 í II. viðauka.

- b) Undirflokkur 2 tekur til búnaðar sem er hannaður þannig að hann virki í samræmi við þær vinnufæribreytur sem framleiðandi tilgreinir og tryggi vörn á háu stigi.

Búnaður í þessu undirflokki er ætlaður til notkunar á svæðum þar sem líklegt er að sprengifimt loft sem stafar af gastegundum, gufu eða mistri eða blöndun lofts og ryks geti myndast.

Varnir er tengjast búnaði í þessum undirflokki skulu tryggja fullnægjandi vernd, jafnvel þó að oft komi til truflana eða gangtruflanir í búnaðinum séu algengar.

Búnaður í þessum undirflokki verður að uppfylla viðbótarkröfurnar sem um getur í lið 2.2 í II. viðauka.

- c) Undirflokkur 3 tekur til búnaðar sem er hannaður þannig að hann virki í samræmi við þær vinnufæribreytur sem framleiðandi tilgreinir og tryggi venjulega vörn.

Búnaður í þessu undirflokki er ætlaður til notkunar á svæðum þar sem ólíklegt er að sprengifimt loft sem stafar af gastegundum, gufu eða mistri eða blöndun lofts og ryks geti myndast eða, ef svo ber undir, þá gerist það sjaldan og aðeins í stuttan tíma í senn.

Búnaður í þessum undirflokki verður að tryggja fullnægjandi vernd við venjuleg notkunarskilyrði.

Búnaður í þessum undirflokki verður að uppfylla viðbótarkröfurnar sem um getur í lið 2.3 í II. viðauka.

\_\_\_\_\_

## II. VIÐAUKI

**GRUNNKRÖFUR UM ÖRYGGI OG HEILSUVERND Í TENGLUM VIÐ  
HÖNNUN OG SMÍÐI BÚNAÐAR OG ÖRYGGISKERFA SEM ERU ÆTLUÐ  
TIL NOTKUNAR Á SPRENGIHÆTTUSTÖÐUM***Inngangshugasemdir*

- A. Taka ber tillit til tæknilegrar þekkingar, sem fleygir ört fram, að svo miklu leyti sem unnt er og hana skal nýta þegar í stað.
- B. Vegna tækja sem um getur í 2. mgr. 1. gr. skulu grunnkröfurnar gilda aðeins að svo miklu leyti sem þær eru nauðsynlegar til að tækin geti virkað vel og örugglega hvað sprengihættu varðar.

## 1. KRÖFUR SEM VARÐA BÆÐI BÚNAÐ OG ÖRYGGISKERFI

1.0. **Almennar kröfur**1.0.1. *Meginreglur um samþætt sprengiöryggi*

Búnaður og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum verða að vera hönnuð með samþætt sprengiöryggi í huga.

Með þetta í huga skal framleiðandi sjá til þess:

- framar öllu, ef nokkur kostur er, að koma í veg fyrir að sjálfur búnaðurinn eða öryggiskerfin geti myndað eða gefið frá sér sprengifimt loft,
- að koma í veg fyrir að kvikni í sprengifimu lofti, að teknu tilliti til eðlis allra kveikjugjafa hvort sem þeir eru rafknúnir eða ekki,
- verði engu að síður sprenging sem gæti beint eða óbeint stofnað fólki og, eftir atvikum, húsdýrum eða eignum í hættu, að kæfa hana þegar í stað og/eða takmarka útbreiðslu loga eða þrýstings frá sprengingunni þannig að viðunandi öryggi sé tryggt.

- 1.0.2. Búnaður og öryggiskerfi verða að vera hönnuð og smíðuð með það í huga að hugsanlegt er að gangtruflanir geti átt sér stað og skal draga úr líkum á að hætta skapist eftir því sem kostur er.

Taka ber tillit til misnotkunar sem ætla má að geti átt sér stað.

1.0.3. *Sérstök eftirlits- og viðhaldsskilyrði*

Búnaður og öryggiskerfi sem sérstök eftirlits- og viðhaldsskilyrði gilda um skulu hönnuð og smíðuð með slík skilyrði í huga.

1.0.4. *Umhverfisskilyrði*

Búnaður og öryggiskerfi verða að vera hönnuð og smíðuð með tilliti til raunverulegra og fyrirsjáanlegra umhverfisaðstæðna.

1.0.5. *Merking*

Eftirfarandi lágmarksupplýsingar skulu koma fram á öllum búnaði og öryggiskerfum og verða þær að vera læsilegar og óafmáanlegar:

- nafn og heimilisfang framleiðanda,
- CE-merking (sjá A-lið í X. viðauka),
- auðkenni raðar eða gerðar,
- raðnúmer, ef það er fyrir hendi,
- smíðaár,
- sérstakt sprengiöryggismerki ásamt tákni fyrir búnaðarflokk og -undirflokk,
- fyrir búnaðarflokk II, stafurinn „G“ (sem táknar sprengifimt loft er stafar af gastegundum, gufu eða mistri),  
og/eða  
stafurinn „D“ (sem táknar sprengifimt loft er stafar af ryki).

Enn fremur ef með þarf verða þau einnig að vera merkt með öllum upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að tryggja örugga notkun þeirra.

1.0.6. *Notkunarleiðbeiningar*

- a) Öllum búnaði og öryggiskerfum verður að fylgja notkunarleiðbeiningar, þar sem eftirfarandi lágmarksupplýsingar verða að koma fram:
- sömu upplýsingar og fram koma á búnaðinum eða öryggiskerfinu, að raðnúmerinu undanskildu (sjá lið 1.0.5), ásamt viðeigandi viðbótarupplýsingum er koma að gagni vegna viðhalds (t.d. heimilisfang innflytjanda, viðgerðarþjónusta o.s.frv.);
  - leiðbeiningar um örugga:
    - gangsetningu,
    - notkun,
    - samsetningu og hvernig búnaðurinn er tekinn úr notkun,
    - viðhald (viðgerðir og neyðarþjónusta),
    - uppsetningu,
    - aðlögun;
  - ef með þarf, vísbending um hættusvæði fyrir framan þrýstingslosunartæki;
  - ef með þarf, kennsluleiðbeiningar;
  - leiðbeiningar sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að taka óyggjandi ákvörðun um hvort unnt er að nota búnað í tilteknum undirflokki eða öryggiskerfi án áhættu á þeim stað og við þau notkunarskilyrði sem fyrirhuguð voru;
  - forskriftir varðandi rafmagn og þrýsting, hámarksyfirborðshitastig og önnur markgildi;
  - ef með þarf, sérstök notkunarskilyrði, að meðtöldum upplýsingum um hugsanlega misnotkun sem reynslan hefur sýnt að geti átt sér stað;
  - ef með þarf, grunneinkenni áhalda sem geta verið fest við búnaðinn eða öryggiskerfið.
- b) Leiðbeiningarnar skulu samdar á bandalagstungumáli af framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu.
- Þegar hann er tekinn í notkun skal öllum búnaði og öryggiskerfum fylgja þýðing á leiðbeiningunum á tungumáli eða tungumálum landsins þar sem á að nota búnaðinn eða öryggiskerfið auk leiðbeininganna á frummálinu.
- Þýðinguna skal annaðhvort framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu annast eða sá sem afgreiðir búnaðinn eða öryggiskerfið á umræddu málsvæði.
- Þrátt fyrir þessa kröfu, er heimilt að viðhaldsleiðbeiningar sem eru ætlaðar sérfræðingum sem starfa á vegum framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu séu á einu bandalagstungumáli sem viðkomandi starfsmenn skilja.
- c) Leiðbeiningunum skulu fylgja teikningar og skýringarmyndir sem hafa skal til hliðsjónar þegar búnaðurinn eða öryggiskerfið er tekið í notkun, haldið við, skoðað, fylgst er með því að það starfi rétt og, eftir því sem við á, fram fara viðgerðir á búnaðinum eða öryggiskerfinu, ásamt öllum gagnlegum upplýsingum, einkum er varða öryggi.
- d) Bæklingar sem lýsa búnaðinum eða öryggiskerfinu mega ekki hafa að geyma upplýsingar er stangast á við leiðbeiningarnar, hvað öryggissjónarmið varðar.

1.1. **Val á efni**

- 1.1.1. Efni sem eru notuð við smíði búnaðar og öryggiskerfa mega ekki geta orsakað sprengingu, auk þess sem tekið skal tillit til fyrirsjáanlegs notkunarálags.
- 1.1.2. Innan marka þeirra notkunarskilyrða er framleiðandi setur mega ekki koma fram viðbrögð milli efna sem eru notuð og efnisþátta á sprengihættustöðum sem gætu dregið úr sprengivernd.
- 1.1.3. Efni skal velja þannig að fyrirsjáanlegar breytingar á eiginleikum þeirra og hvernig þau samhæfast öðrum efnum dragi ekki úr þeirri vernd sem er veitt; einkum skal tekið tilhlýðilegt tillit til tæringar og vatnspóls efnisins, rafmagnsleiðni, slitþols, endingar og afleiðinga breytilegs hitastigs.

**1.2. Hönnun og smíði**

1.2.1. Búnaður og öryggiskerfi verða að vera hönnuð og smíðuð með tilhlýðilegu tilliti til tæknilegrar þekkingar á sprengivörnum svo að unnt sé að nota þau af öryggi allan áætlaðan endingartíma þeirra.

1.2.2. Íhlutar sem á að setja í þau eða nota sem varahluti í búnað og öryggiskerfi verða að vera þannig hannaðir og smíðaðir að unnt sé að nota þá af öryggi í samræmi við fyrirhuguð not þeirra sem sprengivörn þegar þeir eru settir upp samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.

**1.2.3. Lokaður útbúnaður og lekavarnir**

Búnaður sem getur losað eldfimar gastegundir eða ryk verður undir öllum kringumstæðum að notast við lokaðan útbúnað.

Ef op eða óþétt samskeyti eru á búnaði verður að vera þannig gengið frá þeim að gastegundir eða ryk sem myndast leiði ekki til þess að sprengifimt loft myndist utan við búnaðinn.

Raufar sem eru notaðar til áfyllingar eða tæmingar verða, að svo miklu leyti sem hægt er, að vera hannaðar og útbúnar þannig að útleiðsla eldfimra efna sé takmörkuð við áfyllingu og tæmingu.

**1.2.4. Rykmyndun**

Búnaður og öryggiskerfi sem á að nota á svæðum þar sem rykmyndun er verða að vera hönnuð þannig að ryklög sem myndast á yfirborði þeirra verði ekki til þess að í þeim kvikni.

Almenna reglan er sú að draga beri úr rykmyndun eins og kostur er. Auðvelt skal vera að hreinsa búnað og öryggiskerfi.

Yfirborðshiti mismunandi hluta búnaðarinnar skal vera vel undir glóhitamörkum ryklagsins.

Taka ber tillit til þykktar ryklagsins og, ef með þarf, gera ráðstafanir til að takmarka hitann til að koma í veg fyrir aukna hitamyndun.

**1.2.5. Viðbótaröryggisbúnaður**

Búnaður og öryggiskerfi sem getur orðið fyrir ákveðnum tegundum af álagi skulu útbúin, ef með þarf, með viðbótaröryggisbúnaði.

Búnaðurinn verður að standa þáð álag sem hann verður fyrir án þess að sprengivörnin minnki.

**1.2.6. Áhættulaus opnun**

Ef búnaður og öryggiskerfi eru í lokuðu rými eða hylki sem er hluti af sprengivörninni sjálfri má einungis vera hægt að opna slíkt rými eða hylki með sérstöku verkfæri eða með viðeigandi öryggisopnun.

**1.2.7. Verndun gegn annars konar áhættu**

Búnaður og öryggiskerfi verða að vera hönnuð og framleidd þannig að:

- a) ekki sé hættu á líkamsmeiðingum eða öðrum skaða er getur hlotist af beinni eða óbeinni snertingu;
- b) að aðgengilegir hlutar hitni ekki á yfirborðinu eða áhættusöm geislun myndist ekki;
- c) komist sé hjá annarri hættu en raffræðilegri sem reynslan hefur sýnt að getur orðið;
- d) fyrirsjáanlegar aðstæður þar sem álag verður of mikið leiði ekki til hættuástands.

Þegar í öðrum tilskipunum bandalagsins er fjallað um áhættu í tengslum við búnað og öryggiskerfi sem um getur í þessari málsgrein skal þessi tilskipun ekki gilda eða hættu að gilda um slíkan búnað og öryggiskerfi og slíka áhættu frá þeim tíma er þessar sértilskipanir koma til framkvæmda.

**1.2.8. Yfirálag á búnað**

Þegar á hönnunarstigi skal fyrirbyggja að of mikið álag verði á búnaðinum með innbyggðum mæli-, stjórn- og eftirlitstækjum, eins og yfirstraumslekarofum, hitamælum, mismunaþrýstingsrofum, straummælum, hikrofum, snúningsteljurum og/eða svipuðum stýribúnaði.

1.2.9. *Eldvarin hylki*

Ef hlutum sem geta myndað sprengifimt loft er komið fyrir í hylki skal gera ráðstafanir til að tryggja að hylkið standist þrýsting sem getur myndast við innri sprengingu sprengifimrar blöndu og hindra að sprengingin berist í sprengifima loftið sem er umhverfis hylkið.

1.3. **Hugsanlegir kveikjugjafar**

1.3.1. *Áhætta vegna ólíkra kveikjugjafa*

Hugsanlegir kveikjugjafar eins og glæður, logar, rafmagnsljósbogar eða hátt yfirborðshitastig, hljóðorka, sjónræn geislan, rafsegulbylgjur og aðrir kveikjugjafar mega ekki vera fyrir hendi.

1.3.2. *Áhætta vegna stöðurafmagns*

Komið skal í veg fyrir stöðurafmagn sem getur leitt til hættulegrar útleiðslu með viðeigandi ráðstöfunum.

1.3.3. *Áhætta af völdum flökku- og lekastraums*

Komið skal í veg fyrir flökku- og lekastraum í rafleiðandi hlutum búnaðar sem gæti til dæmis leitt til hættulegrar tæringar, að yfirborð ofhitnaði eða myndunar neista sem gætu valdið íkveikju.

1.3.4. *Áhætta af völdum ofhitunar*

Á hönnunarstigi skal komið í veg fyrir, að svo miklu leyti sem hægt er, ofhitun sem stafar til dæmis af núningi eða höggi á milli efna og hluta sem komast í snertingu hver við annan við snúning eða vegna aðskotahluta.

1.3.5. *Áhætta af völdum þrýstingsjöfnunar*

Búnaður og öryggiskerfi skulu hönnuð þannig eða vera útbúin innbyggðum mæli-, stjórn- og eftirlitstækjum sem sjá til þess að þrýstingsjöfnun fari þannig fram að ekki myndist höggbylgjur eða þrýstiloft sem getur valdið íkveikju.

1.4. **Áhætta vegna ytri áhrifa**

1.4.1. Búnaður og öryggiskerfi skulu hönnuð og smíðuð þannig að þau gegni fyrirhuguðu hlutverki sínu af fyllsta öryggi, með hliðsjón af þeim notkunarskilyrðum sem framleiðandi setur, jafnvel við breytilegar umhverfisaðstæður sem geta stafað af flökkustráumi, raka, hristingi, mengun og öðrum ytri þáttum.

1.4.2. Hlutar búnaðar skulu hæfa fyrirhuguðu vélrænu álagi og hitastigi og geta staðist ágang niðurrifsefna sem eru fyrir hendi eða fyrirsjáanleg.

1.5. **Kröfur vegna búnaðar sem stuðlar að öryggi**

1.5.1. Öryggisbúnaður verður að starfa óháð öllum mæli- eða stýribúnaði sem er nauðsynlegur fyrir starfræksluna.

Að svo miklu leyti sem hægt er skal vera unnt að greina bilun í öryggisbúnaði nógu fljótt, með viðeigandi tæknibúnaði, til að tryggt sé að einungis mjög lítlur líkur séu á að hættuástand geti skapast.

Að jafnaði skal meginreglan um virkt öryggi gilda um rafrásir.

Öryggisráðstafanir skulu sem meginregla virkja viðeigandi stýribúnað beint án þess að hugbúnaðarskipun þurfi að koma til.

1.5.2. Komi fram bilun í öryggistæki skal þess gætt að búnaði og öryggiskerfi sé haldið gangandi ef þess er nokkur kostur.

1.5.3. Neyðarstöðvunarrofar öryggistækja verða, eftir því sem hægt er, að vera með loka sem kemur í veg fyrir endurræsinguna. Ný ræsiskipun má einungis verða til þess að tækið fari í gang eftir að endurræsingarlokar hafa verið endurstílltir með viðeigandi hætti.

1.5.4. *Stýri- og skjábúnaður*

Ef stýri- og skjábúnaður er notaður skal hann hannaður í samræmi við vinnuvistfræðilegar meginreglur til að unnt sé að tryggja öryggi á hæsta stigi hvað sprengihættu varðar.

- 1.5.5. *Kröfur vegna tækja sem eru notuð til mælinga í tengslum við sprengivarnir*  
Að svo miklu leyti sem þau varða búnað sem er notaður í sprengifimu lofti skulu tæki notuð til mælinga hönnuð og smíðuð þannig að þau geti uppfyllt fyrirsjáanlegar notkunarkröfur og sérstök notkunarskilyrði.
- 1.5.6. Ef með þarf verður að vera hægt að hafa eftirlit með álestrarnákvæmni og notagildi tækja sem eru notuð til mælinga.
- 1.5.7. Við hönnun tækja sem eru notuð til mælinga verður að gera ráð fyrir öryggisþætti sem tryggir að viðvör-  
unarþröskuldurinn sé nógu langt fyrir neðan sprengi- og/eða kveikimörk loftsins sem á að skrá, einkum að  
teknu tilliti til notkunarskilyrða búnaðarins og hugsanlegra frávíka í mælikerfinu.
- 1.5.8. *Hugbúnaðaráhætta*  
Við hönnun gagnastýrðs búnaðar, öryggiskerfa og -tækja skal sérstaklega gefa gaum að áhættu sem getur  
stafað af galla í hugbúnaði.
- 1.6. **Öryggiskröfur sem eru gerðar til kerfisins**
- 1.6.1. Það verður að vera hægt að stöðva handvirkt búnað og öryggiskerfi, ef þau eru innlimuð í sjálfvirk ferli sem  
eru frábrugðin ráðgerðri starfrækslu, að því tilskildu að það stofni ekki öryggi í hættu.
- 1.6.2. Þegar neyðarstöðvunarbúnaðurinn er gangsettur skal leiða uppsafnaða orku í burt eins fljótt og örugglega og  
hægt er eða einangra hana svo að hún skapi ekki hættu.  
Þetta gildir ekki um orku sem er geymd á rafefnafræðilegu formi.
- 1.6.3. *Hætta vegna aflskorts*  
Þegar búnaður og öryggiskerfi geta valdið því að ný hætta skapist ef til aflskorts kemur skal vera hægt að  
halda þeim gangandi svo öruggt sé óháð annarri starfrækslu.
- 1.6.4. *Áhætta vegna tenginga*  
Búnaður og öryggiskerfi verða að vera útbúin með viðeigandi kapla- og leiðslutengjum.  
Þegar nota á búnað og öryggiskerfi í tengslum við annan búnað og öryggiskerfi verður skilflöturinn að vera  
öruggur.
- 1.6.5. *Notkun viðvörunarbúnaðar í tengslum við búnað*  
Þegar búnaður og öryggiskerfi eru útbúin með greiningar- eða viðvörunarbúnaði, sem skal skynja myndun  
sprengifims andrúmslofts, skulu nauðsynlegar leiðbeiningar fylgja með svo hann sé rétt staðsettur.
2. VIÐBÓTARKRÖFUR VEGNA BÚNAÐAR
- 2.0. **Kröfur sem gilda um búnað í flokki I**
- 2.0.1. *Kröfur sem gilda um búnað í undirflokki M 1 í flokki I*
- 2.0.1.1. Þessi búnaður verður að vera þannig hannaður og smíðaður að kveikjugjafar hans verði ekki virkir. Þetta á  
einnig við um röskun sem getur orðið á búnaði í undantekningartilvikum.  
Búnaðurinn skal útbúinn öryggisvörnum þannig að:
- bregðist ein tegund öryggisvarna veiti minnst ein önnur óháð öryggisvörn sambærilega vernd, eða
  - fullnægjandi vörn sé tryggð verði vart tvenns konar bilana sem eru óháðar hvor annarri.
- Ef með þarf verður þessi búnaður að vera útbúinn með sérstakri viðbótaröryggisvörn.  
Hann verður að geta gegnt hlutverki sínu í sprengifimu andrúmslofti.
- 2.0.1.2. Ef með þarf verður þessi búnaður að vera þannig smíðaður að ryk geti ekki komist að honum.
- 2.0.1.3. Yfirborðshiti mismunandi hluta búnaðarins skal, til að ekki sé hætta á að kvikni í ryki sem þyrlast upp, vera  
vel undir kveikimörkum ryk/loftblandna sem líklegt er að myndist.

2.0.1.4 Búnaðurinn skal þannig hannaður að einungis sé hægt að opna hluta hans sem geta verið kveikjugjafar þegar hann er ekki í gangi eða búnaðurinn sem slíkur getur ekki skapað hættu. Þegar ekki er hægt að stöðva búnaðinn verður framleiðandi að festa viðvörunarmerki á þá hluta búnaðarins sem eru opnanlegir.

Ef með þarf skal búnaðinum fylgja viðeigandi viðbótarlæsingar.

## 2.0.2. *Kröfur sem gilda um búnað í undirflokki M 2 í flokki I*

2.0.2.1. Þessi búnaður skal vera útbúinn öryggisvörn sem tryggir að kveikjugjafar hans verði ekki virkir við venjulega starfrækslu og heldur ekki við erfið notkunarskilyrði, svo sem þegar álag á búnaðinn er mikið og umhverfisaðstæður breytilegar.

Hægt verður að vera að rjúfa aflgjöf til þessa búnaðar ef sprengihætta er á ferðum.

2.0.2.2. Búnaðurinn skal þannig hannaður að einungis sé hægt að opna hluta hans sem geta verið kveikjugjafar þegar hann er ekki í gangi eða með viðeigandi aflæsingarkerfi. Þegar ekki er hægt að stöðva búnaðinn verður framleiðandi að festa viðvörunarmerki á þá hluta búnaðarins sem eru opnanlegir.

2.0.2.3. Uppfylla skal sömu kröfur varðandi sprengihættu sem stafar af ryki og gilda um undirflokk M 1.

## 2.1. **Kröfur sem gilda um búnað í undirflokki I í flokki II**

### 2.1.1. *Sprengihætta sem stafar af gastegundum, gufu eða þoku*

2.1.1.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að kveikjugjafar hans verði ekki virkir. Þetta á einnig við um röskun sem getur orðið á búnaði í undantekningartilvikum.

Búnaðurinn skal útbúinn öryggisvörnum þannig að:

- bregðist ein tegund öryggisvarna veiti minnst ein önnur óháð öryggisvörn sambærilega vernd, eða
- fullnægjandi vörn sé tryggð verði vart tvenns konar bilana sem eru óháðar hvor annarri.

2.1.1.2. Gera þarf ráðstafanir vegna búnaðar með yfirborði sem getur hitnað þannig að tryggt sé að ekki sé farið yfir uppgefið hámarkshitastig jafnvel við óhagstæðustu skilyrði.

Einnig skal tekið tillit til hitaaukningar sem stafar af hitasöfnun og kemískum viðbrögðum.

2.1.1.3. Búnaðurinn skal þannig hannaður að einungis sé hægt að opna hluta hans sem geta verið kveikjugjafar þegar hann er ekki í gangi eða búnaðurinn sem slíkur getur ekki skapað hættu. Þegar ekki er hægt að stöðva búnaðinn verður framleiðandi að festa viðvörunarmerki á þá hluta búnaðarins sem eru opnanlegir.

Ef með þarf skal búnaðinum fylgja viðeigandi viðbótarlæsingar.

### 2.1.2. *Sprengihætta sem stafar af loft/rykblöndum*

2.1.2.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að ekki geti kviknað í ryk/loftblöndum. Þetta á einnig við um röskun sem getur orðið á búnaði í undantekningartilvikum.

Búnaðurinn skal útbúinn öryggisvörnum þannig að:

- bregðist ein tegund öryggisvarna veiti minnst ein önnur óháð öryggisvörn sambærilega vernd, eða
- fullnægjandi vörn sé tryggð verði vart tvenns konar bilana sem eru óháðar hvor annarri.

2.1.2.2. Ef með þarf verður þessi búnaður að vera þannig smíðaður að ryk geti aðeins komist að honum á sérhönnuðum stöðum.

Þessi krafa gildir einnig um kapaltengingar og tengihluta.

2.1.2.3. Yfirborðshiti mismunandi hluta búnaðarins skal, til að ekki sé hætt á að kvikni í ryki sem þyrlast upp, vera vel undir kveikimörkum ryk/loftblandna sem líklegt er að myndist.

2.1.2.4. Krafa sem er sett fram í lið 2.1.1.3 gildir á sama hátt um opnun búnaðar.

## 2.2. **Kröfur sem gilda um búnað í undirflokki 2 í flokki II**

### 2.2.1. *Sprengihætta sem stafar af gastegundum, gufu eða þoku*

2.2.1.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að ekki sé hætt á að kveikjugjafar myndist, jafnvel við síendurtekna röskun á búnaði eða gangtruflanir í búnaðinum sem að jafnaði má gera ráð fyrir.

- 2.2.1.2. Hlutar búnaðarins skulu vera þannig hannaðir og smíðaðir að ekki sé farið yfir uppgefinn yfirborðshita jafnvel þegar um undantekningartilvik er að ræða sem framleiðandi hefur séð fyrir.
- 2.2.1.3. Búnaðurinn skal þannig hannaður að einungis sé hægt að opna hluta hans sem geta verið kveikjugjafar þegar hann er ekki í gangi eða með viðeigandi aflæsingarkerfi. Þegar ekki er hægt að stöðva búnaðinn verður framleiðandi að festa viðvörumerki á þá hluta búnaðarins sem eru opnanlegir.
- 2.2.2. *Sprengihætta sem stafar af loft/rykblöndum*
- 2.2.2.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að ekki sé hætt á að loft/rykblöndur myndist, jafnvel við síendurtekna röskun á búnaði eða gangtruflanir í búnaðinum sem að jafnaði má gera ráð fyrir.
- 2.2.2.2. Krafan sem er sett fram í lið 2.1.2.3 gildir á sama hátt um yfirborðshita.
- 2.2.2.3. Krafan sem er sett fram í lið 2.1.2.2 gildir á sama hátt um rykvarnir.
- 2.2.2.4. Krafan sem er sett fram í lið 2.2.1.3 gildir á sama hátt um áhættulausa opnun á hlutum búnaðar.
- 2.3. **Kröfur sem gilda um búnað í undirflokki 3 í flokki II**
- 2.3.1. *Sprengihætta sem stafar af gastegundum, gufu eða þoku*
- 2.3.1.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að ekki sé hætt á að kveikjugjafar myndist við venjuleg notkunarskilyrði.
- 2.3.1.2. Yfirborðshiti má ekki fara yfir uppgefinn hámarksyfirborðshita við venjulegar notkunaraðstæður. Einungis er leyfilegt að hitinn verði hærri í undantekningartilvikum ef framleiðandi gerir sérstakar viðbótaröryggisráðstafanir.
- 2.3.2. *Sprengihætta sem stafar af loft/rykblöndum*
- 2.3.2.1. Búnaðurinn skal vera þannig hannaður og smíðaður að kveikjugjafar, sem ætla má að geti myndast við venjuleg notkunarskilyrði, geti ekki kveikt í loft/rykblöndum.
- 2.3.2.2. Krafan sem er sett fram í lið 2.1.2.3 gildir á sama hátt um yfirborðshita.
- 2.3.2.3. Búnaður, að meðtöldum kapallögnum og tilbúnum tengjum, verður að vera smíðaður með tilliti til stærðar rykagnanna þannig að ekki myndist sprengifimar ryk/loftblöndur og hættuleg ryklög.
3. **VIÐBÓTARKRÖFUR VEGNA ÖRYGGISKERFA**
- 3.0. **Almennar kröfur**
- 3.0.1. Mælivíddir öryggiskerfa skulu miðaðar við að dregið sé úr áhrifum sprengingar þannig að viðunandi sé frá öryggissjónarmiði.
- 3.0.2. Öryggiskerfi skulu hönnuð þannig og þau verður að vera hægt að staðsetja á þann hátt að ekki sé hætt á að sprenging breiðist út með hættulegri keðjuverkun eða eldtungum og að byrjunarsprenging verði ekki að sprengihvelli.
- 3.0.3. Verði aflskortur verða öryggiskerfi að geta verið áfram í gangi það lengi að ekki sé hætt á að hættuástand skapist.
- 3.0.4. Öryggiskerfi mega ekki bregðast vegna utanaðkomandi truflana.
- 3.1. **Skipulagning og hönnun**
- 3.1.1. *Eiginleikar efna*  
Hámarksþrýstings- og hitamörk sem miða skal við á hönnunarstigi, hvað eiginleika efna varðar, eru áætlaður þrýstingur sem myndast við sprengingu við afbrigðileg notkunarskilyrði og áætluð hitaáhrif logans.
- 3.1.2. Öryggiskerfi sem eru hönnuð til að standast eða draga úr sprengingu verða að geta staðist höggbylgjuna sem myndast við sprengingu án þess að það skaði kerfið.
- 3.1.3. Fylgihlutir öryggiskerfa verða að geta staðist hámarksþrengiþrýsting án þess að starfsemi þeirra raskist.

- 3.1.4. Við hönnun og skipulagningu öryggiskerfa skal tekið tillit til hugsanlegra viðbragða sem geta komið fram við þrýsting í tengdum búnaði og röratengingum.
- 3.1.5. *Þrýstingslosunarbúnaður*  
Ef líkur eru á að álag á öryggiskerfi verði meira en styrkleiki þeirra þolir skal við hönnun gera ráð fyrir viðeigandi þrýstingslosunarbúnaði sem stofnar ekki fólki í námunda við kerfið í hættu.
- 3.1.6. *Kerfi til að draga úr sprengingum*  
Kerfi til að draga úr sprengingum verða að vera þannig skipulögð og hönnuð að þau bregðist við eins fljótt og nokkur kostur er eftir að sprenging hefur hafist og dragi úr henni eins og best verður á kosið með tilhlýðilegu tilliti til hámarksþrýstingsaukningar og hámarkssprengiþrýstings.
- 3.1.7. *Sprengiaftengingarkerfi*  
Aftengingarkerfi sem er ætlað með viðeigandi tækjum að aftengja sérstakan búnað eins fyrirvaralítið og hægt er fari sprenging af stað verða að vera hönnuð og smíðuð þannig að eldur geti ekki breiðst út innan þeirra og að þau viðhaldi vélrænum styrk við venjuleg notkunarskilyrði.
- 3.1.8. Öryggiskerfi verða að vera þannig úr garði gerð að unnt sé að tengja þau við hringrás auk þess sem þau skulu hafa svo lágan viðvörunarþröskuld að inntak eða úttak framleiðslunnar stöðvist ef með þarf og þeir hlutar búnaðarins sem starfa ekki lengur örugglega aftengist.
-

## III. VIÐAUKI

## EINING: EB-GERÐARPRÓFUN

1. Í þessari einingu er lýst þeim hluta af aðferðinni sem tilkynntur aðili beitir til að ganga úr skugga um og votta að eintak sem er einkennandi fyrir viðkomandi framleiðslu uppfylli viðkomandi ákvæði tilskipunarinnar.
2. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal leggja inn umsókn um EB-gerðarprófun hjá tilkynntum aðila eftir vali framleiðandans.

Umsóknin skal innihalda:

- nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur inn umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,
- skriflega yfirlýsingu um að sama umsókn hafi ekki verið lögð inn hjá öðrum tilkynntum aðila,
- tækniskjöl eins og lýst er í 3. lið.

Umsækjandinn skal hafa tiltækt fyrir tilkynnta aðilann eintak sem er dæmigert fyrir þá framleiðslu sem um er að ræða, hér eftir nefnt „gerð“. Tilkynnti aðilinn getur farið fram á að fá fleiri eintök sé þess þörf til að gera fyrirhugaðar prófanir.

3. Tækniskjölin skulu gera kleift að meta samræmi vöru við kröfur tilskipunarinnar. Þau skulu, að svo miklu leyti sem þörf er á fyrir slíkt mat, lýsa hönnun, framleiðslu og notkun vörunnar og enn fremur sýna:

- almenna lýsingu á gerðinni,
- heildarlýsingu á hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlotum, samsettum einingum, hringrásum o.fl.,
- lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á því hvernig búnaðurinn vinnur,
- skrá yfir staðla sem um getur í 5. gr. og er beitt að fullu eða að hluta, og lýsingar á þeim lausnum sem hafa verið valdar með það í huga að fullnægja grunnkröfum tilskipunarinnar þar sem stöðlunum sem um getur í 5. gr. hefur ekki verið beitt,
- niðurstöður hönnunarútreikninga og athugana sem gerðar hafa verið o.s.frv.,
- prófunarskýrslur.

4. Tilkynnti aðilinn skal:

- 4.1. rannsaka tækniskjölin, sannprófa að gerðin hafi verið framleitt í samræmi við þau og ganga úr skugga um hvaða hlutar hafa verið hannaðir samkvæmt viðeigandi ákvæðum staðlanna sem um getur í 5. gr. svo og hvaða íhlutar hafa verið hannaðir án þess að beita viðeigandi ákvæðum þessara staðla;
  - 4.2. þegar stöðlunum sem um getur í 5. gr. hefur ekki verið beitt, gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þær lausnir sem framleiðandinn hefur valið uppfylla grunnkröfur tilskipunarinnar;
  - 4.3. þegar framleiðandinn hefur kosið að beita viðeigandi stöðlum, gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þeim hefur í raun verið beitt;
  - 4.4. semja við umsækjandann um hvar athuganir og nauðsynlegar prófanir skuli fara fram.
5. Uppfylli gerðin viðkomandi ákvæði þessarar tilskipunar skal tilkynnti aðilinn gefa út vottorð um EB-gerðarprófun til handa umsækjandanum. Vottorðið skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar og nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á þá gerð sem hlotið hefur samþykki.

Skrá yfir þau tækniskjöl sem við eiga skal vera viðauki við vottorðið og afrit geymt hjá tilkynnta aðilanum.

Ef framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu er synjað um gerðarvottorð skal tilkynnti aðilinn gera ítarlega grein fyrir ástæðum fyrir synjuninni.

Kveðið skal á um áfrýjunarreglur.

6. Umsækjandinn skal upplýsa tilkynnta aðilann, sem geymir tækniskjölin er varða EB-gerðarprófunarvottorðið, um allar breytingar á hinni samþykktu vöru sem þarfnast viðbótarsamþykkis þar sem slíkar breytingar geta haft áhrif á samræmi við grunnkröfur eða notkunarskilyrði sem mælt er fyrir um vegna viðkomandi vöru. Þetta viðbótarsamþykki er veitt sem viðbót við upphaflega EB-gerðarprófunarvottorðið.
7. Sérhver tilkynntur aðili skal senda hinum tilkynntu aðilunum viðeigandi upplýsingar um EB-gerðarprófunarvottorð sem gefin hafa verið út eða afturkölluð og viðbætur við þau.
8. Hinir tilkynntu aðilarnir geta fengið afrit af EB-gerðarprófunarvottorðum og/eða viðbótum við þau. Viðaukanir við vottorðin skulu vera tiltæk hinum tilkynntu aðilunum.
9. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal geyma, auk tækniskjala, afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðbótum við það í minnst 10 ár eftir að búnaðurinn eða öryggiskerfið var síðast framleitt.

Hafi hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu í bandalaginu hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk á þeim aðila sem setur vöruna á markað í bandalaginu.

---

## IV. VIÐAUKI

## EINING: GÆDATRYGGING FRAMLEIÐSLU

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem er lýst í 2. lið, ábyrgist og lýsir yfir að viðkomandi afurðir séu í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum þessarar tilskipunar sem gilda um þær. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, skal festa CE-merkið á alla hluta búnaðarins og gefa skriflega samræmisyfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer þess tilkynnta aðila sem ber ábyrgð á EB-efirlitinu sem um getur í 4. lið.
2. Framleiðandinn skal nota samþykkt gæðakerfi fyrir framleiðslu, lokaefirlit og prófun eins og tilgreint er í 3. lið og vera háður eftirliti eins og um getur í 4. lið.
3. **Gæðakerfi**
  - 3.1. Framleiðandinn skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu vegna viðkomandi búnaðar hjá tilkynntum aðila eftir eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

    - allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðan undirflokk afurðarinnar,
    - gögn um gæðakerfið,
    - tækniskjöl um hina samþykktu gerð og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.
  - 3.2. Gæðakerfið á að tryggja að búnaðurinn sé í samræmi við þá gerð sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið eiga að tryggja að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu alltaf túlkaðar á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

    - gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða búnaðarins,
    - aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal,
    - þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og að framleiðslu lokinni, og hversu oft þær verða gerðar,
    - gæðaskrár, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.,
    - hvernig fylgst er með því að tilskilin vörugæði hafi verið uppfyllt og að gæðakerfið sé skilvirkt.
  - 3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Gert skal ráð fyrir samræmi við kröfum ef í gæðakerfinu er beitt þeim samhæfða staðli sem við á. Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á þeirri framleiðslutækni sem um er að ræða. Matið skal fela í sér heimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.
  - 3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal upplýsa tilkynnta aðilann sem hefur samþykkt gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem eru lagðar til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.

**4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans**

- 4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem hið samþykka gæðakerfi leggur honum á herðar.
- 4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að þeim stöðum þar sem fram fer framleiðsla, eftirlit, prófun og einnig geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
  - gögn um gæðakerfið,
  - gæðaskrár, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.
- 4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili líta eftir því að framleiðandinn viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa honum úttektarskýrslu.
- 4.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Honum er þá heimilt að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.
5. Framleiðandinn skal í minnst 10 ár eftir að síðasta vörueintak hefur verið framleitt geyma tiltækt fyrir innlend yfirvöld:
  - skjölin sem um getur í öðrum undirlið liðar 3.1,
  - gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein liðar 3.4,
  - ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í lokamálgrein liðar 3.4 sem og í liðum 4.3 og 4.4.
6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum, sem hafa verið veitt eða afturkölluð.

## V. VÍÐAUKI

**EINING: SANNPRÓFUN VÖRU**

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu prófar og vottar að búnaður sem fellur undir ákvæði 3. liðar sé í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi viðeigandi kröfum tilskipunarinnar.
2. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að framleiðsluferlið tryggi að búnaðurinn sé í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og við kröfur tilskipunarinnar sem gilda um hann. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, skal festa CE-merkið á allan búnað og gefa samræmisýfirlýsingu.
3. Tilkynti aðilinn skal gera viðeigandi athuganir og prófanir til þess að athuga samræmi búnaðarins, öryggiskerfisins eða tækisins sem um getur í 2. mgr. 1. gr. við viðeigandi kröfur tilskipunarinnar með því að athuga og prófa allan búnað eins og tilgreint er í 4. lið.  
Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma afrit af samræmisýfirlýsingunni í minnst 10 ár eftir að búnaðurinn var síðast framleiddur.
4. **Sannprófun með athugun og prófun á öllum búnaði**
  - 4.1. Allur búnaður skal sérstaklega athugaður og gerðar skulu viðeigandi prófanir eins og mælt er fyrir um í viðeigandi staðli/stöðlum sem um getur í 5. gr. eða jafngildar prófanir til að sannreyna samræmi hans við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfur tilskipunarinnar.
  - 4.2. Tilkynti aðilinn skal festa eða láta festa kenninúmer sitt á allan samþykktan búnað og gefa skriflegt samræmisvottorð með hliðsjón af þeim prófunum sem hafa verið gerðar.
  - 4.3. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal sjá til þess að hann geti útvegað samræmisvottorð tilkynta aðilans ef óskað er eftir því.

## VI. VÍÐAUKI

**EINING: GERÐARSAMRÆMI**

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu ábyrgist og lýsir yfir að viðkomandi búnaður sé í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi þeim kröfum þessarar tilskipunar sem gilda um hann. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, skal festa CE-merkið á allan búnað og gefa skriflega samræmisýfirlýsingu.
2. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggi að framleiddur búnaður eða öryggiskerfi sé í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfur tilskipunarinnar.
3. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma afrit af samræmisýfirlýsingunni í minnst 10 ár eftir að búnaðurinn var síðast framleiddur. Hafi hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu í bandalaginu hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk á þeim aðila sem setur búnaðinn eða öryggiskerfið á markað í bandalaginu.  
Á öllum búnaði sem er framleiddur skulu fara fram á vegum framleiðanda prófanir á tæknilegum þáttum er varða sprengivarnir. Prófanirnar skulu fara fram á ábyrgð tilkynts aðila sem framleiðandi velur.  
Tilkynti aðilinn ber ábyrgð á því að framleiðandinn setji kenninúmer hans á búnaðinn á framleiðsluferlinu.

## VII. VIÐAUKI

## EINING: GÆDATRYGGING VÖRU

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi, sem rækir þær skyldur sem er lýst í 2. lið, ábyrgist og lýsir yfir að búnaðurinn sé í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, skal festa CE-merkið á allan búnað og gefa skriflega samræmisyfirlýsingu. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem ber ábyrgð á eftirliti eins og um getur í 4. lið.
2. Framleiðandinn skal nota viðurkennt gæðakerfi við lokaeftirlit og prófun búnaðar eins og kveðið er á um í 3. lið hér á eftir og skal vera háður eftirlitinu sem um getur í 4. lið hér á eftir.

**3. Gæðakerfi**

- 3.1 Framleiðandinn skal leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu vegna viðkomandi búnaðar og öryggiskerfa hjá tilkynntum aðila eftir eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

- allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðan undirflokk búnaðar,
- gögn um gæðakerfið,
- tækniskjöl um samþykktu gerðina og afrit af EB-gerðarprófunarvottorðinu.

- 3.2. Samkvæmt gæðakerfinu skal athuga allan búnað og gera prófanir sem fjallað er um í viðeigandi staðli/stöðlum sem um getur í 5. gr. eða gera jafngildar prófanir til að tryggja að hann samrýmist viðeigandi kröfum tilskipunarinnar. Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið eiga að tryggja að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu alltaf túlkaðar á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

- gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til vörugæða,
- þeim athugunum og prófunum sem verða gerðar að framleiðslu lokinni,
- hvernig fylgst er með því að gæðakerfið sé skilvirkt,
- gæðaskrár, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.

- 3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það fullnægi kröfunum sem um getur í lið 3.2. Hann skal gera ráð fyrir samræmi við kröfurnar ef viðeigandi samhæfðum staðli er beitt í gæðakerfinu.

Í úttektarhópnum skal að minnsta kosti vera einn maður sem hefur reynslu af mati á þeirri framleiðslutækni sem um er að ræða. Matið skal fela í sér heimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.

- 3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal upplýsa tilkynnta aðilann sem hefur samþykkt gæðakerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem eru lagðar til og ákveða hvort breytt gæðakerfi muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um mat.

**4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans**

- 4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem samþykktu gæðakerfið leggur honum á herðar.
- 4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að þeim stöðum þar sem fram fer framleiðsla, eftirlit, prófun og einnig geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
  - gögn um gæðakerfið,
  - tækniskjöl,
  - gæðaskrár, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfslíðsins o.s.frv.
- 4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili líta eftir því að framleiðandinn viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa honum úttektarskýrslu.
- 4.4. Að auki getur tilkynnti aðilinn komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Honum er þá heimilt að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt. Tilkynnti aðilinn skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófun farið fram, prófunarskýrslu.
5. Framleiðandinn skal í minnst 10 ár eftir að búnaðurinn var síðast framleiddur geyma tiltækt fyrir innlend yfirvöld:
  - skjölin sem um getur í þriðja undirliði liðar 3.1,
  - gögn um þær breytingar sem um getur í annarri málsgrein liðar 3.4,
  - þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í lokamálsgrein liðar 3.4 sem og í liðum 4.3 og 4.4.
6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum þær upplýsingar sem máli skipta varðandi samþykki fyrir gæðakerfum, sem hafa verið veitt eða afturkölluð.

## VIII. VIÐAUKI

**EINING: INNRA EFTIRLIT MEÐ FRAMLEIÐSLU**

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, sem rækir þær skyldur sem lýst er í 2. lið, ábyrgist og lýsir yfir að búnaðurinn fullnægi þeim kröfum tilskipunarinnar sem gilda um hann. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, skal festa CE-merkið á allan búnað og gefa skriflega samræmisýfirlýsingu.
2. Framleiðandinn skal útbúa tækniskjölin sem er lýst í 3. lið og hann eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal geyma þau tiltæk fyrir viðkomandi innlend yfirvöld í minnst 10 ár eftir að búnaðurinn var síðast framleiddur.  
Hafi hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu í bandalaginu hvílir sú skylda að hafa tækniskjöl tiltæk á þeim aðila sem setur búnaðinn á markað í bandalaginu.
3. Markmið tækniskjalanna er að gera kleift að meta samræmi búnaðarins við viðkomandi kröfur tilskipunarinnar. Þau skulu taka til, að svo miklu leyti sem máli skiptir fyrir matið, hönnunar, framleiðslu og vinnslu búnaðarins. Þau skulu innihalda:
  - almenna lýsingu á búnaðinum,
  - heildarlýsingu á hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af fhlutum, samsettum einingum, hringrásum o.fl.,
  - lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á því hvernig búnaðurinn vinnur,
  - skrá yfir staðla sem er beitt að fullu eða að hluta, og lýsingar á þeim lausnum sem hafa verið valdar með það í huga að fullnægja öryggiskröfum tilskipunarinnar þar sem stöðlunum hefur ekki verið beitt,
  - niðurstöður hönnunarútreikninga og athugana sem hafa verið gerðar o.s.frv.,
  - prófunarskýrslur.
4. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma afrit af samræmisýfirlýsingunni í minnst 10 ár eftir að búnaðurinn var síðast framleiddur.
5. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir svo að framleiðsluferlið tryggji að framleiddur búnaður sé í samræmi við tæknilegu skjölin sem um getur í 2. lið og við kröfur tilskipunarinnar sem gildir um slíkan búnað.

## IX. VIÐAUKI

## EINING: SANNPRÓFUN EINTAKA

1. Í þessari einingu er því lýst hvernig framleiðandi ábyrgist og lýsir yfir að búnaðurinn eða öryggiskerfið sem hefur fengið vottorð eins og um getur í 2. lið fullnægi viðeigandi kröfum tilskipunarinnar. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu, skal festa CE-merkið á búnaðinn eða öryggiskerfið og gefa samræmisýfirlýsingu.
2. Tilkynnti aðilinn skal athuga búnaðinn eða öryggiskerfið og gera viðeigandi prófanir eins og mælt er fyrir um í viðeigandi staðli/stöðlum sem um getur í 5. gr., eða jafngildar prófanir, til að tryggja samræmi við viðeigandi kröfur tilskipunarinnar.  
Tilkynnti aðilinn skal setja eða láta setja kenninúmer sitt á allan samþykktan búnað eða öryggiskerfi og gefa samræmisvottorð varðandi prófanir sem hafa verið gerðar.
3. Markmið tækniskjalanna er að gera kleift að meta samræmi við kröfur tilskipunarinnar og skilja hönnun, framleiðslu og notkun búnaðarins.  
Skjölín skulu innihalda:
  - almenna lýsingu á gerðinni,
  - heildarlýsingu á hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, samsettum einingum, hringrásum o.fl.,
  - lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á því hvernig búnaðurinn eða öryggiskerfið vinnur,
  - skrá yfir staðla sem um getur í 5. gr. og er beitt að fullu eða að hluta, og lýsingu á þeim lausnum sem hafa verið valdar til að fullnægja grunnkröfum tilskipunarinnar þar sem stöðlumum sem um getur í 5. gr. hefur ekki verið beitt,
  - niðurstöður hönnunarútreikninga og athugana sem hafa verið gerðar o.s.frv.,
  - prófunarskýrslur.

*X. VIÐAUKI***A. CE-merking**

CE-samræmismarkingun felur í sér bókstafina „CE“ með eftirfarandi útliti:

Ef merkingin er minnkuð eða stækkuð skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan haldast óbreytt.

Einstakir hlutar CE-merkingarinnar skulu, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa sömu lóðréttu mál og mega þau ekki vera undir 5 mm.

Falla má frá kröfu um lágmarksmál ef um minni háttar búnað, öryggiskerfi eða tæki samkvæmt 2. mgr. 1. gr. er að ræða.

**B. EB-samræmisfirlýsing**

Í EB-samræmisfirlýsingunni skal eftirfarandi koma fram:

- nafn eða auðkenni og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu,
- lýsing á búnaðinum, öryggiskerfinu eða tækinu sem um getur í 2. mgr. 1. gr.,
- öll viðeigandi ákvæði sem búnaðurinn, öryggiskerfið eða tækið sem um getur í 2. mgr. 1. gr. uppfyllir,
- eftir atvikum, nafn, kenninúmer og heimilisfang tilkynnta aðilans og númer EB-gerðarprófunarvottorðsins,
- eftir atvikum, tilvísun í samhæfðu staðlana,
- eftir atvikum, staðlar og tækniforskriftir sem hafa verið notaðar,
- eftir atvikum, tilvísun í þær tilskipanir bandalagsins sem hafa komið við sögu,
- auðkenni undirritunaraðila sem hefur umboð til að gera skuldbindandi samkomulag fyrir hönd framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í bandalaginu.

## XI. VIÐAUKI

**LÁGMARKSSKILYRÐI SEM AÐILDARRÍKIN ÞURFA AÐ TAKA TILLIT  
TIL ÞEGAR AÐILAR ERU TILKYNTTIR**

1. Aðilinn, stjórnandi hans eða starfsmenn sem annast sannprófanir mega ekki vera hönnuðir, framleiðendur eða birgjar og ekki vinna við uppsetningu búnaðar, öryggiskerfa eða tækja samkvæmt 2. mgr. 1. gr. sem þeir skoða né vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þeir mega hvorki sjálfir né fyrir hönd annarra hafa bein afskipti af hönnun, smíði, markaðssetningu eða viðhaldi búnaðarins, öryggiskerfanna eða tækjanna sem um getur í 2. mgr. 1. gr. Þetta útilokar þó ekki möguleikann á gagnkvæmum upplýsingum um tæknileg atriði milli framleiðandans og aðilans.
2. Aðilinn og skoðunarmenn hans sem annast sannprófanir skulu gæta þess að þær séu unnar af tæknilegri færni og faglegrri ráðvæðni og vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þeirra eða niðurstöður skoðunar, sérstaklega frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við niðurstöður prófana.
3. Aðilinn skal hafa yfir að ráða starfskröftum og búnaði sem er nauðsynlegur til að inna af hendi þá tæknivinnu og stjórnunarstörf sem tengjast sannprófun; einnig skal vera fyrir hendi nauðsynlegur búnaður til að framkvæma sannprófanir sem heyra til undantekninga.
4. Starfsmenn sem annast skoðun skulu hafa:
  - trausta tækni- og fagmenntun,
  - viðurandi þekkingu á kröfum sem gerðar eru til prófana sem þeir framkvæma og nægilega reynslu af slíkum prófunum,
  - kunnáttu í að gefa vottorð, greinargerðir og skýrslur sem skýra frá niðurstöðum prófananna.
5. Tryggja verður óhlutdrægni skoðunarmanna. Þóknun hvers og eins má hvorki byggjast á fjölda prófana né á niðurstöðum slíkra prófana.
6. Aðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu, nema skoðunin sé á ábyrgð ríkisins á grundvelli landslaga eða framkvæmd á vegum aðildarríkisins.
7. Starfsmenn aðilans skulu bundnir þagnarskyldu hvað varðar allar upplýsingar sem þeim hlotnast við störf sín (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem þeir starfa) í samræmi við þessa tilskipun eða þau ákvæði sem kunna að vera í landslögum um framkvæmd hennar.